

Garðabær
Anna María Guðmundsdóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 15. maí 2023
UST202303-233/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum - Garðabær

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum í Garðabær.

Í greinargerð kemur fram markmið deiliskipulagsins er að í Urriðakotsdölum og í Urriðakotshrauni verði aðlaðandi útivistarsvæði og að á Urriðavelli verði aðstaða til golfiðkunar í hæsta gæðaflokki. Samhliða gerð deiliskipulagsins er unnið að því að friðlýsa Urriðakotshraun sem fólkvang og hefur leiðarljós í deiliskipulagsvinnunni verið að stuðla að vernd hraunsins og náttúrlegs gróðurfars á svæðinu og skapa góðar aðstæður til útivistar með vönduðum stígum í góðum tengslum við stígakerfi í upplandi Garðabæjar. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun Urriðavallar, nýjum útivistarstíg. Hluti golfvallar verður innan fyrirhugaðs fólkvangs í Urriðakotshrauni.

Stígar

Í greinargerð kemur fram að útivistarstígar verði að jafnaði um 2,5 m að breidd og heimilt er að leggja minni og mjórri stíga inn á milli sem falla vel að landi. Umhverfisstofnun bendir á að útivistarstígar ættu frekar að vera að jafnaði 1-2 metrar á breidd. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að skilgreina náttúrustíga þar sem það á við, þ.e. stíga sem eru mjórri, fylgja landslaginu og eru með malaryfirborð. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar hvort mögulegt er að verja fleiri hraundranga sem eru á fyrirhuguðum golfbrautum en gert er ráð fyrir á teikningu.

Samráð

Í greinargerð er fjallað um leyfisveitingar og samráð innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess eins og kemur fram í greinargerð að samráð skal haft við Umhverfisstofnun og Garðabæ um endanlega hönnun og útfærslu golfbrauta í fólkvangnum. Fella skal golfbrautir að náttúrulegu landslagi eftir fremsta megni.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur